# Malbiksrannsóknir - Prófblöndur með mismunandi gerðum mélu. Pétur Pétursson. Vegagerðin – júlí 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Í þessari skýrslu eru settar fram niðurstöður Marshall prófblandna á sex mismunandi mélusýnum af þeim 22 sem safnað hafði verið úr malbikunarstöðvum Höfða og Colas sumarið 2015. Ýmsum rannsóknum á mélusýnum hefur verið gerð skil í áfangaskýrslum um malbiksrannsóknir, frá 2016 til 2018. Þegar niðurstöður ýmissa mælinga á mélusýnunum lágu fyrir, svo sem rúmþyngd þeirra, holrýmd, fínleika og yfirborðsflatarmáls hafði gengið nokkuð mikið á magn sýnanna sem safnað hafði verið á sýnum tíma. Þó voru 6 sýni enn nægilega stór til að hægt væri að útbúa sýni í Marshallpróf og var ákveðið að gera það. Í þessari skýrslu eru rifjaðar upp fyrri niðurstöður prófana og svo niðurstöður úr prófblöndunum.